

LOKA3VE05

Sóldís Tinna Eiríksdóttir

Vorönn 2024

Verkemenntaskóli Austurlands.

Heklað teppi.

Lokaverkefni til stúdentspróf

Efnisyfirlit.

<i>Efni</i>	<i>Error! Bookmark not defined.</i>
<i>Inngangur</i>	2
<i>Verkefni</i>	3
<i>Lokaorð</i>	5

Vorönn 2024

Inngangur

Þegar ég var yngri var ég ekki mikið fyrir að sitja og gera rólega hluti, hafði ekki þolinmæði í það. Mamma kenndi mér að prjóna þegar ég var lítil og vildi að ég myndi byrja að prjóna, ég var ekki á sama máli en hún gerði margar tilraunir til þess að fá mig til að prjóna sem ég gerði svo oftast á endanum. Prjónamennskan mín endist oft í tvo daga þar sem ég varð orðin mjög leið á þessum prjónaskap sem endaði áður en að ég byrjaði. Við lærðum líka að prjóna í textílmént í skólanum, þar prjónuðum við húfur sem voru mjög ljótar og frekar illa gerðar, allavega mín.

Verkefni

Ég fór með mömmu til Siggú á kaffihúsinu til að velja garn, ég keypti garn sem heitir Baby Merino og tók tvær dokkur af appelsínugulum og tvær dokkur af hvítum. Það næsta sem ég gerði var að fara heim að æfa mig að gera loftlykkjur með gömlu garni sem mamma átti. Þegar ég var búin að ná tökum á loftlykkjunum fór ég inn á youtube og fann einfalda uppskrift af ömmu dúllum. Ég byrjaði á því að gerði þrjár ömmu dúllur með fjólubláa garninu sem mamma fann áður en að ég byrjaði að gera dúllurnar sem áttu að vera í teppinu. Ég var allt páskafríð mitt heima að hekla dúllurnar þar sem ég setti bara á skemmtilega þætti og heklaði nánast öllum stundum, ég náði að klára tvær appelsínugular dokkur og eina hvíta. Eftir páska kláraði ég seinustu hvítu dokkuna og þá var ég komin með allar ömmu dúllurnar, seinna gekk ég frá endum og setti það svo saman á meðan ég var að keyra heim frá Reykjavík. Tveimur dögum seinna heklaði ég kannt utan um teppið með appelsínugulu garni og þvoði teppið um kvöldið, nokkru seinna var það orðið þurr og tilbúið.

Fyrst byrjaði ég á því að æfa mig að gera loftlykkjur og ætlaði að gera eina dúllu en garnið var búið. Næst notaði ég fjólublátt garn sem ég fann í prjónatöskunni hennar mömmu og gerði þrjár dúllur.



LOKA3VE05

Sóldís Tinna Eiríksdóttir

Verkemenntaskóli Austurlands.

Vorönn 2024



Þegar ég var búin að ná góðum tókum á dúllunum þá byrjaði ég að hekla með appelsínugula garninu. Þær eru ekki fullkomnar en þær urðu bara betri eftir því sem ég gerði fleiri.



Eftir að ég kláraði appelsínugulu dúllurnar þá fór ég beint í það að gera hvítar.



Þegar ég var búin með allar dúllurnar þá gekk ég frá endunum og festi þær svo saman. Ég gleymdi að taka mynd þegar ég var að setja teppið saman en þetta er



LOKA3VE05

Sóldís Tinna Eiríksdóttir

Verkemenntaskóli Austurlands.

Vorönn 2024

Lokaorð

Á heildina litið er ég ánægð með það hvernig verkefnið kom út. Ég var hins vegar ótrúlega hissa hversu skemmtilegt það er að hekla en mjög þreyttandi á sama tíma. Ég hefði aldrei getað þetta án hjálpar leiðbeinandi míns, Svala Guðmundssóttir, móðir mín. Ég lagði mikla vinnu í verkefnið og lærði ótrúlega mikið sem mun nýtast mér ef ég hekla eitthvern tíman aftur.